

Borgarbyggð
Digranesgötu 2
310 Borgarnes

Reykjavík, 17. september 2024
UST202409-124/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Íþróttasvæði í Borgarnesi - Borgarbyggð

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 11. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttasvæði í Borgarnesi. Í greinargerð kemur fram að tillagan tekur til um 8 ha íþróttasvæðis í Borgarnesi en þar er að finna æfingarvöll, knattspyrnu- og frjálsíþróttavöll, sundlaugarsvæði, íþróttahús og aðstöðu fyrir Ungmennasamband Borgarfjarðar.

Svæðið afmarkast til austurs af íbúðarbyggð (Í4 og Í3), til suðausturs af opnu svæði (O2, Skallagrímshöfði), til suðurs af lóð grunnskóla Borgarness (Þ3) og íbúðarbyggð (Í1). Til suðvesturs afmarkast svæðið af opnu svæði (O2) og hverfisvernd í þéttbýli (H1) og að lokum til vesturs og norður af sjó.

Auk þess segir að á deiliskipulagssvæðinu séu þrjár lóðir; lóð íþróttahússins og sundlaugarinnar, lóð undir fyrirhugað fjölnota íþróttahús (4.500 m² og 16 m á hæð) þar sem nú er sparkvöllur, og lóð Ungmennasambands Borgarfjarðar sem tilheyrði áður deiliskipulagi skólasvæðisins.

Deiliskipulagið nær til austurs yfir lóðina Þorsteinsgötu 5. Gerð er breyting á deiliskipulaginu Skólasvæði, Þ3, grunnskólinn í Borgarnesi frá árinu 2017 samhliða þar sem skipulagssvæðið er minnkað sem nemur lóð Skallagrímshöfðu 7a.

Tengsl við aðrar áætlanir

Í kafla 3.7 *Tengsl við aðrar áætlanir* þurfa náttúruminjasrá og vatnaáætlun að vera þar undir.

Landfylling

Í greinargerð með tillögu að deiliskipulagi kemur fram að fyrirhuguð sé landfylling 0,5 ha að stærð og er staðsett á svæði sem í dag er náttúruleg strandlína. Í landfyllinguna gæti þurft 13.000 m³ af efni sem fengið yrði úr skilgreindum námum í sveitarfélaginu. Miðað við framkvæmdarlýsinguna eru líkur á að um opna landfyllingu sé að ræða og því um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Umhverfisstofnun vekur athygli á að samkvæmt 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur þó, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

- a. dýpkunarefnum,
- b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,
- c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnuninni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.¹

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að ekki er fullnægjandi í þessu samhengi að fjalla eingöngu um áhrif landfyllingar á vistgerðir á svæðinu. Einnig þarf að fjalla um áhrif landfyllingar á gæðapætti strandsjávarhlotsins Borgarfjörður 104-1387-C líkt og kom fram í umsögn Umhverfisstofnunar dags. 9. apríl sl. vegna lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010- 2022 fyrir íþróttasvæði O1, íbúðarsvæði Í4 og skólasvæði Þ3 í Borgarnesi.²

Lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Það þýðir að einn af umhverfispáttunum, m.a. vegna landfyllingar, sem skoða þarf í tillögu að deiliskipulagi er **áhrif á vatn**. Í greinagerð með tillögu að deiliskipulagi þarf að leggja mat á það hvort framkvæmdin (landfyllingin) verði til þess að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki.

Öll strandsjávarhlot eiga að vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu og góðu efnafræðilegu ástandi. Nái vatnshlot ekki umhverfismarkmiðum skal fara í aðgerðir til að draga úr álagi, leggja til mótvægisáðgerðir eða breytingar á framkvæmd til að tryggja gott ástand vatns.

Framkvæmdin mun hafa áhrif á eftirfarandi strandsjávarhlot Borgarfjörður 104-1387-C. Umrætt vatnshlot hefur ekki verið ástandsflokkað, þ.e. vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand vatnshlotsins er ekki þekkt.

Því vill Umhverfisstofnun benda á mikilvægi þess að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat landfyllingarinnar á vatnshlotið þarf að liggja fyrir áður en framkvæmdaleyfi er veitt svo leyfisveitandi (í þessu tilfelli sveitarfélagið) geti tekið afstöðu til þess hvort framkvæmdin sé í samræmi við vatnaáætlun og lög um stjórn vatnamála. Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

¹ [Leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis okt2019.pdf \(umhverfisstofnun.is\)](#)

² <https://skipulagsgatt.is/files/aa4a217d-b5a9-4a78-999b-393f536c80e2>

- Vatnshlotið sem um ræðir, ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta strandsjávarvatnshlot, sjá nánar kafla 3.2.1 í vatnaáætlun.³ Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna. Einnig hvort umhverfismarkmið munu nást eða ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif (þ.e. ef í ljós kemur að umhverfismarkmið munu ekki nást).
- Samlegðaráhrifum allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hafa eða geta haft áhrif á vatnshlotið.

Gæðapættirnir sem skilgreindir hafa verið fyrir strandsjó eru nítrat, fosfat, blaðgræna, hryggleysingar á mjúku botni og botnþörungur á hörðum botni. Umhverfisstofnun bendir á að landfylling getur einnig haft áhrif á vatnsformfræðilega gæðapætti sem hafa þó ekki enn verið skilgreindir í strandsjó. Breytingar á vatnsformfræði geta valdið áhrifum á ofangreinda gæðapætti.

Umhverfisstofnun bendir á að landfyllingin geti haft staðbundin neikvæð áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti strandsjávar, t.d. botnhryggleysingja og botnþörungur.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þarf framkvæmdaaðili að sækja um heimild til stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun bendir á að framkvæmdasvæðið tilheyrir svæði sem er á tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands að B-hluta náttúruminjaskrár sem aðrar náttúruminjar.⁴ Þá er Borgarvogur alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að leirurnar sem skipulagssvæðið nær til njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Því þarf að uppfæra tillöguna í samræmi við ofangreint.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufræðilegra svæða, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um leirurnar í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask þeirra sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á leirunum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem

³ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

⁴ 239. Borgarvogur, Borgarbyggð, Mýrasýslu. (1) Borgarvogur allur ásamt fjörum. (2) Leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Að mati Umhverfisstofnunar skipulagstillagan valda raski á leirum sem njóta sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif á þær og á svæði sem er á náttúru-minjaskrá.

Að mati Umhverfisstofnunar er erfitt að fara í mótvægisáðgerðir þar sem leirur sem hafa svipað vistkerfi er endurheimt í staðinn.

Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á leirunum.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúru-minjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Kristín Björk Birgisdóttir

sérfræðingur